

ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS

Aðalfundur Öldrunarfræðafélags Íslands var haldinn föstudaginn 24. mars 2023
kl. 17.00-18.30 í fundarsal Heilsugæslunnar í Urðarhvarfi

Fundarstjóri: Sunna Kristinsdóttir
Fundarritari: Margrét Guðnadóttir

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla vísindasjóðs.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Kosning stjórnar, sbr. 6.gr.
5. Kosning stjórnar Vísindasjóðs félagsins, sbr. 8. gr.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs.
7. Árgjald ákveðið
8. Lagabreytingar.
9. Önnur mál

Að loknum aðalfundi fór fram úthlutun styrkja úr vísindasjóði félagsins.

1. Skýrsla stjórnar

Sirry Sif Sigurlaugardóttir, formaður ÖLD flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal 1. Skýrsla samþykkt einhljóma af fundarmönnum.

Í stjórn á starfsárinu 2022-2023 sátu; Sirry Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi formaður stjórnar, Sunna Kristinsdóttir iðjupjálfi, varaformaður, Berglind Blöndal næringarfræðingur, gjaldkeri, Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur, ritari og Guðfinna Björnsdóttir sjúkráþjálfari, meðstjórnandi.

Stjórnarfundir voru haldnir mánaðarlega á Teams, með hléi yfir sumarmánuði.

Markmið félagsins:

- Að starfa að því að auka þekkingu í málefnum er varða aldraða
- Að efla rannsóknir á sviði öldrunarfræða
- Að vera opinberum aðilum til ráðuneytis í málefnum aldraða
- Félagið tekur þátt í að auka fræðilega umræðu meðal fagfólks
- Að kynna hið nýjasta sem er að gerast í öldrunarfræðum hverju sinni. Tekur þátt í innlendu og erlendu samstarfi stofnana og samtaka er láta sig varða málefni aldraða

Félagið heldur námsstefnur og starfrækir Vísindasjóð.

Vísindasjóður félagsins var stofnaður 1984 til styrktar vísinda- og rannsóknarstarfsemi í öldrunarfræðum.

2. Skýrsla vísindasjóðs

Guðrún Reykdal, formaður vísindasjóðs flutti skýrslu sjóðsins, sjá fylgiskjal 2. með fundargerð. Skýrsla samþykkt af fundarmönnum.

Nokkrar umsóknir bárust í vísindasjóðinn en ákveðið var að styrkja eina rannsókn í ár um 300.000 kr.- Ingi Rúnar Árnason meistaranemi í sálfræði við Háskóla Íslands fékk styrkinn vegna verkefnisins Viðhorf til eldra fólks á Íslandi: hlutverk sálfélagslegra breyta og samfélagslegrar stöðu.

3. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Berglind Blöndal gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða. Fyrrum gjaldkeri félagsins bendir á að síðustu ár hafi styrkveitingar verið afgreiddar úr almennum sjóði Öldrunarfræðafélagsins en ekki úr vísindasjóði félagsins. Þar sem sjóður félagsins er rýr sé ástæða til að íhuga að flytja upphæð sem nemur 3-4 árum af styrkupphæð af vísindasjóðsreikningi yfir í almennan sjóð félagsins, til að leiðrétta stöðu sjóðsins. Stjórn mun taka þessa ábendingu fyrir á sínum fundum.

4. Kosning stjórnar, sbr. 6. gr.

Sunna Kristinsdóttir, iðjubjálfi og Guðfinna Björnsdóttir, sjúkráþjálfari gáfu ekki kost á sér áfram. Guðrún Día Hjaltsted, sjúkráþjálfari og Svanborg Guðmundsdóttir, iðjubjálfi, gáfu kost á sér í þeirra stað.

Samþykkt var samhljóða eftirfarandi stjórnarskipan 2023-2024:

Sirry Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi formaður stjórnar. Kt. 230386-2859

Berglind Blöndal næringarfræðingur. Kt. 140577-3169

Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur. Kt. 060776-4079

Guðrún Día Hjaltsted, sjúkráþjálfari. Kt. 131194-2699

Svanborg Guðmundsdóttir, iðjubjálfi. Kt. 110874-4219

5. Kosning stjórnar vísindasjóðs, sbr. 8. gr.

Stjórn vísindasjóðs verður óbreytt. Í stjórn sitja: Guðrún Reykdal, félagsráðgjafi, Sigrún Sunna Skúladóttir, hjúkrunarfræðingur og Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir, næringarfræðingur.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs

Ragnheiður Kristjánsdóttir og Pétur Þorsteinsson gefa áfram kost á sér. Samþykkt samhljóða.

7. Árgjald ákveðið

Sirry Sif Sigurlaugardóttir formaður lagði til að árgjald yrði óbreytt, kr. 2150. Var það samþykkt samhljóða.

8. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum lagðar fram á fundi.

9. Önnur mál

Engin önnur mál borin upp.

Fundi slitið kl. 18.

Að honum loknum fór fram úthlutun styrkja úr vísindasjóði félagsins. Sjá fylgiskjal með fundargerð.

Fundargerð ritaði: Margrét Guðnadóttir

Fylgiskjal 1. Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar Öldrunarfræðafélags Íslands starfsárið 2022 – 2023

Í stjórn ÖLD á starfsárinu sátu:

- Sírý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi og doktorsnemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, formaður stjórnar.
- Sunna Kristinsdóttir, iðjuþjálfari hjá Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, varaformaður.
- Berglind Soffía Blöndal, næringarfræðingur hjá Heilsuvernd og Sjúkrahúsinu á Akureyri, doktorsnemi við Háskóla Íslands, gjaldkeri stjórnar.
- Margrét Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, verkefnastjóri SELMU heimaþjónustu og doktorsnemi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, ritari stjórnar.
- Guðfinna Björnsdóttir, sjúkráþjálfari og verkefnisstjóri á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, meðstjórnandi.

Síðasti aðalfundur var haldinn 20. apríl 2022. Fundurinn var í apríl því félagið var enn að rétta starfsemina af eftir að hafa legið í dvala í covid faraldrinum. Tveir gengu úr stjórn og tveir nýir meðlimir tóku sæti. Í kjölfar aðalfundar tók við yfirfærsla á hlutverkum innan stjórnar sem getur alltaf tekið svolíttinn tíma, sérstaklega þegar nýr gjaldkeri tekur við.

Stjórn fundaði reglulega á starfsárinu en ákveðið var að standa ekki fyrir neinum formlegum viðburðum. Orsakast það helst af bágri fjárhagsstöðu félagsins eftir ráðstefnuhald í covid faraldrinum. Samnorræn öldrunarfræðaráðstefna Nordisk Gerontologisk Forum (NGF) átti að fara fram hér á landi sumarið 2020 en var ítrekað frestað vegna heimsfaraldurs. Hún var að endingu haldin alfarið rafrænt.

Styrkur var veittur úr vísindasjóði ÖLD á síðasta aðalfundi eins og venja er. Sjá nánar í skýrslu vísindasjóðs. Á hverju ári berast nokkrar umsóknir í vísindasjóðinn sem gefur tilefni til bjartsýni. ÖLD er aðili að Norræna öldrunarfræðafélaginu, NGF. Það eru regnhlífasamtök fyrir öldrunarfræðafélög og félög öldrunarlækna á Norðurlöndunum. Í NGF sitja fulltrúar félaganna frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Félagið var stofnað árið 1974 og hefur síðan þá staðið fyrir ráðstefnum annað hvert ár um nýjustu þekkingu og rannsóknarniðurstöður í öldrunarfræðum.

Ráðstefna NGF 2022 fór fram í Óðinsvéum í Danmörku dagana 8.-10. júní 2022. Engar covid takmarkanir voru í gildi á meðan ráðstefnan fór fram og var þátttaka góð. Steinunn Þórðardóttir öldrunarlæknir, formaður Félags íslenskra öldrunarlækna var formaður stjórnar NGF frá því Íslendingar héldu ráðstefnuna og fram að aðalfundi 8. júní 2022. Undirrituð fór á aðalfund NGF fyrir hönd ÖLD. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, vangaveltur um afdrif félaganna eftir COVID-19 faraldurinn, umræður um samsetningu og starfsemi vísindanefndar NGF sem sér um að velja erindi inn á ráðstefnurnar og fyrirkomulag á næstu ráðstefnum. Sérstaklega var fjallað um hvernig félögin gætu kynnt starfsemi sína út á við, til

dæmis með því að nota samfélagsmiðla. Ráðstefnan í Óðinsvéum tókst vel upp og talið að þátttakendur frá Íslandi hafi verið á fjórða hundrað. Næsta ráðstefna mun fara fram á Karolinska Institutet í Stokkhólmi 12.-14. júní 2024.

Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu hafði ÖLD áformað að vera í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands á gengnu starfsári. Hugmyndin var að gera nýjustu þekkingu í öldrunarfræðum aðgengilegri fyrir almenning og miðla jafnframt þekkingu á velferðarkerfinu á Íslandi. Opið námskeið var auglýst mánudaginn 17. október 2022. Ekki náðist þátttaka og var námskeiðið því ekki haldið. Ekki eru áfrom um að reyna aftur að standa fyrir slíku námskeiði að svo stöddu. ÖLD átti jafnframt fulltrúa í rýnihóp fagfélaga á vegum EHÍ, Berglind Blöndal gjaldkeri, tók það að sér.

Formaður og varaformaður stjórnar tóku þátt í skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd á Degi byltuvarna í samstarfi við RHLÖ, LSH, Sak, Beinvernd og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu. Dagurinn var haldinn 22. september 2022 á Hótel Natura. Dagskráin var öll aðgengileg í streymi.

Til stóð að fá Dawn Skelton, þjálfunarlífeðlisfræðing og sérfræðing í byltuvörnum, til að halda erindi á opnum fræðslufundi á vegum félagsins og var undirbúningur hafinn vegna þess. Hún var hér á landi til að halda námskeið á vegum námsbrautar sjúkraþjálfunar við Háskóla Íslands. Ferðatilhögun hennar breyttist þó svo ekkert varð af því. ÖLD lét í staðinn nægja að deila auglýsingu um fyrirlestur sem hún flutti hjá RHLÖ 5. október 2022. Fyrirlesturinn var aðgengilegur í streymi.

ÖLD nýtti miðla sína til að vekja athygli á málþinginu Lyf án skaða sem fór fram á Landspítala 27. Október 2022. Dagskráin var bæði á staðnum og í streymi.

Eftir áramót barst beiðni um þátttöku ÖLD í undirbúningi að Degi öldrunar sem haldinn var fimmtudaginn 23. mars 2023, á staðnum og í streymi, undir fyrirsögninni Margar hendur vinna létt verk: Árangursrík samvinna í öldrunarþjónustu. Margrét Guðnadóttir tók sæti í undirbúningsnefnd fyrir hönd stjórnar. Þetta var í fimmta sinn sem Dagur öldrunar var haldinn á vegum Fagráðs öldrunarhjúkrunar Landspítala og Fagdeildar öldrunarhjúkrunarfræðinga innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

ÖLD fagnar auknu samstarfi við hina ýmsu aðila innan öldrunarþjónustu á Íslandi og þakkar öllum þeim sem láta sig málefni aldara varða. Hvort sem er með umfjöllun í fjölmiðlum, rannsóknum, kennslu eða viðburðahaldi. Að lokum vill formaður stjórnar vekja athygli á því að ÖLD verður 50 ára 2024. Þá væri gaman að halda upp á afmælið með ráðstefnu eða málþingi.

Sírý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi og formaður stjórnar

Fylgiskjal 2. Skýrsla vísindasjóðs

Skýrsla Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands 2022 til 2023

Á aðalfundi Öldrunarfræðifélags Íslands þann 20. apríl 2022 gengu tveir fulltrúar úr stjórn Vísindasjóðs ÖLD; Ingibjörg Hjaltadóttir, formaður Vísindasjóðs og Ólöf Guðný Geirsdóttir.

Í stjórn Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands eru:

- Guðrún Björk Reykdal, formaður vísindasjóðs, MA, félagsráðgjafi og sérfræðingur hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.
- Sigrún Sunna Skúladóttir, Phd í heilbrigðisvísindum, lektor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands.
- Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir, MSc, næringarfræðingur, stundar doktorsnám í næringarfræði og er aðjunkt við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Styrkveiting 2023

Alls bárust þrjár umsóknir um styrk á þremur mismunandi fræðasviðum.

Ákveðið var að veita einn styrk að upphæð 300.000 kr. og er styrkþegi:

Ingi Rúnar Árnason fyrir rannsóknina „Viðhorf til eldra fólks á Íslandi: hlutverk sálfélagslegra breyta og samfélagslegrar stöðu“ á fræðasviði sálfræði. Leiðbeinandi hans er Dr. Harpa Lind Jónsdóttir, lektor við sálfræðideild HÍ.

24. apríl 2023.

Fyrir hönd Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands,



Guðrún Björk Reykdal, formaður Vísindasjóðs ÖLD.